

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 44/2011

2011/EES/37/38

frá 1. apríl 2011

## um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 821/2010 frá 17. september 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 822/2010 frá 17. september 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 198/2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 um hagskýrslur um starfsþjálfun í fyrirtækjum, að því er varðar gögn sem skal safna, úrtöku, nákvæmni og gæðakröfur <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2010 frá 17. september 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun, að því er varðar hagskýrslur um þátttöku fullorðinna einstaklinga í símenntun <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 28e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1023/2009):  
„28f. **32010 R 0821**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 821/2010 frá 17. september 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (Stjtið. ESB L 246, 18.9.2010, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 18r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 198/2006):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32010 R 0822**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 822/2010 frá 17. september 2010 (Stjtið. ESB L 246, 18.9.2010, bls. 18).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008):  
„18wa. **32010 R 0823**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2010 frá 17. september 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun, að því er varðar hagskýrslur um þátttöku fullorðinna einstaklinga í símenntun (Stjtið. ESB L 246, 18.9.2010, bls. 33).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 246, 18.9.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 246, 18.9.2010, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 246, 18.9.2010, bls. 33.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 821/2010, 822/2010 og 823/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.